

## Fundargerð 134. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 19. desember 2022

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Þuríður Lilly Sigurðardóttir, Þráinn Lárusson og Sæunn Stefánsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

### 1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 133

Fundargerðin var samþykkt og verður undirrituð rafrænt.

### 2. Fjárhags- og starfsáætlun Austurbrúar 2023

Gestir undir þessum lið voru Signý Ormarsdóttir og Tinna Halldórsdóttir yfirverkefnastjórar ásamt Valdísi Vöku Kristjánsdóttur verkefnastjóra fjármála.

Kynnt var starfsáætlun Austurbrúar fyrir næsta ár. Farið var yfir áherslur, markmið og aðgerðir málaflokka. Í framhaldi kynnti framkvæmdastjóri fjárhagsáætlun Austurbrúar 2023. Fjárhagsáætlunin er sett upp á grundvelli þeirra forsenda sem unnið hefur verið með á undanförunum mánuðum. Stjórn samþykkir fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2023.

Helgi Hlynur yfirgaf fundinn.

### 3. Samningar Austurbrúar 2023

Framkvæmdastjóri kynnti drög að nýjum samningum sem unnið er að:

- Samningur við Byggðastofnun – Farið var yfir samningsdrögin og verkefni honum tengd. Framkvæmdastjóra er falin undirritun samnings.
- Samningur við Íslandsstofu – Farið var yfir samningsdrögin og verkefni honum tengd. Framkvæmdastjóra er falið undirritun samnings. Framkvæmdastjóra er jafnframt falið að óska eftir frekari kynningu á starfsemi Íslandsstofu til stjórnar Austurbrúar.
- Samningur um nýtt verkefni – Framkvæmdastjóri kynnti nýtt verkefni byggt á vinnu með hagaðilum í haust. Umræður stjórnar um verkefnið og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram á grundvelli umræðna á fundinum.

### 4. Staða ýmsa verkefna og og áherslana framundan

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sem eru í vinnslu og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna. Sagði hún frá heimsókn sinni til Þýskalands þar sem hún hitti forsvarsmenn flugfélagsins Condor. Hún sagði heimsóknina hafa heppnast vel og fundið fyrir miklum áhuga á Íslandi. Markaðsherferð Condor á þýskum markaði er komin af stað og unnið að þessari áherslu á ýmsum sviðum. Umræður stjórnar um verkefnið og því tengdu mikilvægi þess að halda áfram samtalinu um uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar.

Ekki fleiri mál á dagskrá, fundi slitið kl 15:15